

Nd.

406. Nefndarálit

[158. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft frumvarpið til athugunar á nokkrum fundum. Hagsýslustjóri, Gísli Blöndal, hefur mætt á fundunum og veitt nefndinni þær upplýsingar, sem nefndarmenn óskuðu eftir.

Þegar ljóst var eftir s. l. áramót, að sjávarútvegurinn og fiskvinnslustöðvarnar þyrftu á meiri aðstoð að halda en gert hafði verið ráð fyrir, ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir slíkri aðstoð. Greiðsluafgangur sá, sem fjárlög fyrir árið 1968 gerðu ráð fyrir, nægði ekki til þeirrar aðstoðar, þar sem fyrirhugaðar voru á þessu ári miklar tollalækkningar, sem nú hafa verið samþykktar á Alþingi.

Með greiðsluafgangi fjárlaga svo og auknum tekjum vegna hækkaðs söluverðs á áfengi og tóbaki er gert ráð fyrir fjármagni, sem nemur um 130 milljónum króna. En fjárhagsaðstoð sú, sem nauðsynlegt er talið að veita sjávarútvegi og fiskiðnaði, er um 320 millj. kr.

Með frumvarpi þessu leggur ríkisstjórnin til í samræmi við þá stefnu sína, að ríkissjóður sé rekinn hallalaust, að fremur en hækkaðir verði skattar, lækki annars vegar nokkrir útgjaldaliðir fjárlaga, en hins vegar séu nokkrar framkvæmdir fjármagnaðar með lánnum innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar. Með því á að vera unnt að tryggja þær 200 millj. kr., sem þarf til þess, að hægt sé að veita áðurgreinda aðstoð. Auk þess er lagt til í frumvarpinu, að gerðar verði í ríkisrekstrinum nokkrar skipulagsbreytingar, sem talið er að leiði til töliverðs sparnaðar og hagkvæmni í framkvæmd, þó að þess gæti lítið á þessu ári.

Meiri hluti fjárhagsnefndar telur tvímælalaust rétt, að forðast beri hallarekstur hjá ríkissjóði, en það er kunnara en frá þurfi að segja, að á undanförunum mánuðum hafa steðjað að efnahagsörðugleikar vegna aflabrests og verðfalls íslenskra afurða á erlendum mörkuðum. Slíkt leiðir að sjálfsögðu til þess, að ekki verður í allt ráðizt, sem æskilegt væri, hvorki hjá einstaklingum né ríkissjóði. Undir slíkum kringumstæðum verður að draga sem unnt er úr útgjöldum ríkissjóðs svo og auka á hagkvæmni í ríkisrekstrinum, ella yrði að grípa til skattahækkana.

Meiri hluti fjárhagsnefndar mælir því með, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem fluttar eru á þskj. 405 og gerð verður grein fyrir í framsögu.

Alþingi, 21. marz 1968.

Matthias Á. Mathiesen,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.
Gunnar Gíslason.

Guðl. Gíslason.